

***Framkvæmdaáætlun í barnavernd
í Hafnarfirði kjörtímabilið
2010-2014***



HAFNARFJÖRÐUR

Birna Ólafsdóttir
Guðný Stefánsdóttir
Elín Sigríður Óladóttir
Haukur Haraldsson
Eiríkur Þorvarðarson
Geir Bjarnason

Samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 27. júní 2012



Í 1. mgr. 9. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 með síðari breytingum segir:

Sveitarstjórnir skulu marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaáætlun sveitarfélags í barnaverndarmálum skal send velferðarráðherra og Barnaverndarstofu.

Barnaverndarnefnd, fjölskylduráð og fræðsluráð Hafnarfjarðar vilja stuðla enn frekar að öryggi og velferð barna og skapa fjölskylduvænt samfélag með gerð þessarar áætlunar. Lögð er áhersla á breiða samstöðu og samvinnu í bænum varðandi árangursríka barna- og fjölskylduvernd. Lögð er áhersla á að byggja þær aðferðir og þau úrræði sem unnið er eftir í sveitarfélaginu á fræðilegum grunni og sýnt hafa góðan árangur.

Breið samvinna við gerð áætlunarinnar er líklegri til að tryggja árangursríka áætlun. Markmiðið er að fækka alvarlegum barnaverndarmálum og móta leiðir til að hægt sé að bregðast við strax og velferð barna er í hættu. Til að koma til móts við markmiðið er áætlunin verkefnamiðuð en verkefnin eru flest samvinnuverkefni mismunandi stofnana. Áætlunin á líka að taka mið af þeim stefnum sem ráð og nefndir Hafnarfjarðarbæjar hafa sett sér. Framkvæmdaáætlunin á fyrst og fremst að verða leiðarvísir fyrir þá sem starfa að barnaverndar- og forvarnarverkefnum auk þess að vera stefnumarkandi fyrir stjórnendur.

„Börn eiga rétt á vernd og umönnun“ (barnaverndarlög, 2002). Barnavernd felst í því að tryggja börnum þennan rétt sinn og eru barnaverndarlögin nokkuð skýr varðandi hlutverk sveitarfélaga. Erfitt er að skilgreina barnavernd án þess að taka tillit til hagsmuna og spyrja í þágu hverra sé unnið. Það er skýrt markmið barnaverndarlaga að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Ávallt sé leitast við að tala við börn og fá þeirra sjónarmið og upplýsingar um þeirra líðan. Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar á öllum málum er varða þau og að tekið sé tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska.



Pörf fyrir úrræði og stefnumótun

Undanfarin ár hefur barnaverndartilkynningum fjölgað verulega í Hafnarfirði. Árið 2007 voru barnaverndartilkynningar 645 og til samanburðar barst árið 2011 alls 841 barnaverndartilkynning. Það má teljast ánægjuefni að fræðsla og kynningarstarf undanfarinna missera skuli hafa skilað þeirri samstöðu og árvekni meðal bæjarbúa og þeirra sem vinna með börnum og unglingum að fleiri en áður finni til ábyrgðar gagnvart börnum almennt.

Fjölgun tilkynninga hefur eðlilega leitt til aukins málafjölda sem kallar á breyttar áherslur sem kalla á skilvirkari þjónustu og úrvinnslu mála hjá Fjölskylduþjónustunni. Þessi fjölgun mála hlýtur einnig að leiða til þess að gera forvarnir markvissari og þróa þau úrræði sem fyrir hendi eru. Að sama skapi þarf aukið þverfaglegt samstarf aðila sem vinna að málefnum barna og unglunga til að tryggja velferð barnsins og árangur úrræða. Álag á starfsfólk eykst og þörf fyrir margs konar árangursrík úrræði verður brýnni. Framkvæmdaáætluninni er m.a. ætlað að vera leiðarljós í þessari þróun.

Mikilvægt er að bæjarbúar haldi áfram að sinna tilkynningarskyldu af samvissusemi en sérstakar kröfur verður að gera til stofnana, fyrirtækja og félaga sem koma að málefnum barna og unglunga, s.s. skóla, heilbrigðiskerfis, lögreglu og æskulýðsstarfs. Skoða þarf leiðir til að grípa sem fyrst inn í líf barna sem þarfnast aðstoðar, leysa mál bæði fyrir og nær daglegum vettvangi þeirra. Þannig mætti að öllum líkindum koma í veg fyrir að mál þróuðust á verri veg. Þessi hugsun krefst breiðrar samstöðu í forvörnum og vinnslu mála. Í stað þess að vísa málum áfram og á milli ólíkra stofnana mætti bregðast við og leita lausna strax á stað og stund. Móta þarf ákveðna stefnu, vinnureglur og verkferla og skýra vel hvar ábyrgð allra hlutaðeigandi liggur, hvort sem um er að ræða foreldra, kennara, félagsráðgjafa eða sérfræðinga.

Í Hafnarfirði er áhersla lögð á að styðja foreldra í hlutverki þeirra og efla samstarf við heimili og fjölskyldur með öllum ráðum. Unnið er samkvæmt aðferðafræði Parent Management Training, PMT, sem er vel rannsakað meðferðarúrræði á þessu sviði. Unnið er bæði á vettvangi foreldra og skóla og nær vinnulagið samtímis til fyrsta, annars og þriðja stigs forvarna.



Stigskipting forvarna og inngripa: Oft er forvörnum skipt upp í þrjú stig eftir eðli þeirra.

1. stig eru forvarnir sem beinast að öllu samfélaginu, sérstaklega þó börnum og unglíngum. Þetta eru almennar forvarnir sem eiga að hafa áhrif á þá sem ekki eru byrjaðir að neyta vímuefna eða stunda áhættuhegðun s.s. afbrot. Þessar forvarnir beinast oft að uppeldisaðferðum og viðhorfum í samfélaginu.
2. stigs forvarnir snúa að þeim sem hafa byrjað neyslu eða sýnt áhættuhegðun og miða að því að draga úr líkum á yfirvofandi vanda.
3. stigs forvarnir teljast vera meðferð. Þá er brugðist við neyslu eða áhættuhegðun sem hefur raunveruleg áhrif á líf viðkomandi s.s. með því að fara í áfengismeðferð.

Svo sem vænta má í ört vaxandi sveitarfélagi hefur álag og eftirspurn eftir hvers kyns meðferðarúrræðum aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Í anda fjölskyldustefnu og skólastefnu bæjarins hafa Hafnfirðingar einsett sér að vinna markvisst að barnaverndarmálum og tryggja þar með öryggi og velferð allra barna. Ekki er alltaf ljóst hvort verkefni sem tengjast börnum og fjölskyldum þeirra heyra undir starfssvið ríkis eða sveitarfélags. Afar brýnt er að skilgreina hlutverk hvers og eins með auknu og skilvirku samstarfi. Framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum er ein af leiðum Hafnarfjarðarbæjar til auka skilvirkni og efla samstarf. Auk þess að halda áfram góðu og vönduðu barnaverndarstarfi hafa Hafnfirðingar ákveðið að hrinda í framkvæmd og skerpa á ákveðnum verkefnum á yfirstandandi kjörtímabili.

Verkefni

Sérstaklega er horft til eftirtalinna þátta á árunum 2012-2014:

Skapa barnavernd jákvæða ímynd meðal bæjarbúa með vönduðu starfi, fræðslu og upplýsingum. Mikilvægt er að efla skilning bæjarbúa á mikilvægi barnaverndar, að öllum verði ljóst hvernig tekið verður á málum þegar þess gerist þörf. Fræðsla um barnavernd og forvarnir verði stöðugt í boði fyrir foreldra og starfsfólk í öllum stofnunum bæjarins og reglulegar kynningar verði á barnavernd í skólum, leikskólum, heilsugæslu, lögreglu, hjá íþróttafélögum og þeim sem bjóða uppá skipulagða starfsemi fyrir börn og unglínga. Upplýsingar um starfsemi barnaverndar verði gerðar aðgengilegri



á heimasíðu bæjarins. Samstarf forvarnafulltrúa, fræðslufirvalda og barnaverndarstarfsmanna verði reglulegt og traust. Jákvæðar fréttir úr barnavernd verði reglulega látnar fjölmiðlum í té. Í starfs- og stefnuáætlunum sviða verði skilgreind frekari framkvæmd.

Ábyrgðaraðilar: Fjölskylduþjónusta, Fræðsluþjónusta, upplýsinga- og kynningarfulltrúi og forvarnafulltrúi.

Áætlaður kostnaður: Hluti af áætluðum rekstri stofnana.

Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu: Hluti af daglegum störfum viðkomandi starfsmanna.

Efla fjölskylduna, m.a. með markvissum stuðningi við foreldra í uppeldishlutverki þeirra.

Stefnt er að því að efla fyrsta stigs forvörn í sveitarfélaginu með því að bjóða foreldrum allra barna fræðslu í PMT-aðferðinni samhliða fræðsluefni og kynningu á þeirri þjónustu sem PMT-foreldrafærni býður upp á. Fræðslan væri endurgjaldslaus fyrir foreldra. Æskilegt væri að um væri að ræða kvöldstund fyrir foreldra 3-6 ára barna annað hvort við upphaf leik- eða grunnskólagöngu eða vinna að þróunarverkefni s.s. í einu skólahverfi eða afmörku svæði.

Ábyrgðaraðilar: Fræðsluþjónusta og Fjölskylduþjónusta í samvinnu við Heilsugæslu.

Áætlaður kostnaður: 1,5 milljónir.

Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu: Unnið að mestu utan dagvinnutíma starfsmanna.

Úrræðum í barnavernd fyrir fjölskyldur og börn verði fjölgað og þau gerð aðgengilegri með sameiginlegu átaki Fjölskylduþjónustu, skóla og Heilsugæslu. Hugmyndin er að samnýta mannauð viðkomandi stofnana sem allra best. Áhersla verði lögð á lausnamiðaða hugsun og starf sem næst daglegum vettvangi barnsins. Þannig mætti að öllum líkindum koma í veg fyrir að mál þróuðust á verri veg. Þessi hugsun krefst breiðrar samstöðu í forvörnum og vinnslu mála. Í stað þess að vísa málum áfram og á milli ólíkra stofnana mætti bregðast við og leita lausna strax á stað og stund. Samvinna við foreldra og heimili er einnig lykilatriði. Mikilvægt er að vanda vel til verka og þróa hugmyndir af vandvirkni. Markmiðið er að veita börnum sem besta þjónustu og tryggja aðgang að mikilvægustu úrræðunum



hverju sinni. Nemendaverndarráð er hér í lykilhlutverki og hægt að þróa starfið þar áfram. Aukið upplýsingastreymi, meira samstarf og innanhússúrræði þarf til. Fulltrúar fræðsluþjónustu og fjölskylduþjónustu í Litla hóp fari minnst einu sinni á ári út í grunnskóla og hitti samstarfsaðila til að vinna að verkefnum sem brenna helst á og vinna að mótun og eftirfylgni samstarfsverkefna. Þannig er stutt við að starfið úti í stofnunum verði lausnamiðað þar sem hægt er að taka á málum eins og ofbeldis-, hegðunar-, vanrækslu-, félagslegum og öðrum málum sem oft koma upp.

Ábyrgðaraðilar: Fjölskylduþjónusta, Fræðsluþjónusta, grunn- og leikskólar, Litli hópur, ÍTH og forvarnafulltrúi í samvinnu við Heilsugæslu, lögreglu og ÍBH.

Áætlaður kostnaður: Hluti af áætluðum rekstrarkostnaði stofnana.

Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu: Hluti af daglegum störfum starfsmanna.

Auka vitund þeirra, sem starfa með börnum í frítíma þeirra um barnavernd. Tryggja þarf að þeir sem starfa með börnum í frítíma þeirra hafi kunnáttu til að tilkynna, vísa áfram og greina vísbendingar sem geta verið barnaverndarmál. Með fræðslu fyrir þessa starfsmenn bæjarins og félagasamtök er markmiðið að fækka alvarlegum barnaverndarmálum, fá sem fyrst tilkynningar inn til Fjölskylduþjónustu og auka almenna fræðslu um barnavernd.

Samstarf verði viðhaldið við Blátt áfram vegna fræðslu til starfsmanna og forvarna gegn kynferðisbrotum gegn börnum.

„Við vitum ekki hvað á að gera,“ segja starfsmenn stundum á vettvangi sem verða varir við að aðbúnaður barna er ekki eðlilegur og kalla eftir skýrum leiðbeiningum. Unninn skal greinargóður bæklingur um meðferð barnaverndarmála sem á að gefa skynsamlegar, einfaldar og skýrar reglur og fylgja skal eftir útgáfu hans með kynningu fyrir aðila sem starfa með börnum í frítíma þeirra. Þessi fræðsla þarf að koma með markvissum hætti inn til þeirra sem starfa með börnum í íþrótt- og tómstundastarfi og inn í leik- og grunnskóla, s.s. í gegnum símenntunaráætlanir annað hvort ár.

Ábyrgðaraðilar: ÍBH, Fjölskylduþjónusta, Fræðsluþjónusta og forvarnafulltrúi.

Áætlaður kostnaður: 350 þúsund.



Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu: Starfsmaður ÍBH, forvarnafulltrúi og fulltrúi Fjölskylduþjónustunnar munu kynna leiðbeiningarbæklinginn.

Áfram verði unnið að því að þróa starf Litla hóps sem er samstarfs- og upplýsingahópur barnaverndar, framhaldsskóla, heilsugæslu, ÍTH, lögreglu, forvarnafulltrúa og skóla. Viðfangsefni hópsins er málefni barna, unglinga og ungmenna í Hafnarfirði. Starfsemi hópsins hefur gefið mjög góða raun og þarf að viðhalda þessu samstarfs- og upplýsinganeti.

Ábyrgðaraðili: Forvarnafulltrúi.

Áætlaður kostnaður: Hluti af áætluðum rekstri.

Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu: Hluti af daglegum störfum starfsmanna.

Móta verkefnið Fjölskyldustuðningurinn

Verkefnið fjölskyldustuðningurinn er stuðningur inn á heimili einstaklinga þar sem foreldrar eiga erfitt með að sinna daglegum verkum, halda utan um heimilið og sinna barnauppleði. Starfsmaður fer inn á heimili með það að markmiði að greina stöðu mála og vinna að því að minnka streitu á heimili með því að koma reglu á heimilishaldið, stuðla að skilvirkum og viðurkenndum uppeldisaðferðum og koma á betri samfellu og samstarfi við skóla og tómstundastarf barnanna. Verkefnið er metið fyrir og eftir inngríp með einföldu mati á stöðu mála. Starfsmaður heimaþjónustu sinnir verkefninu í samstarfi við þann félagsráðgjafa sem er með málið og fær handleiðslu frá sérfræðingi í PMT. Fulltrúi heimaþjónustu heldur utan um verkefnið en fagleg þróun er í höndum úrræðadeildar. Markmiðið er að verkefnið nái að fækka þeim málum sem verða barnaverndarmál.

Ábyrgðaraðili: Úrræðadeild Fjölskylduþjónustu

Tímaáætlun: Hefst veturinn 2011/2012

Áætlaður kostnaður: Nýtt stöðugildi

Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu: Tveir starfmenn



Halda áfram að auka samstarf við Heilsugæsluna og aðra aðila sem tengjast börnum og búa til samstarfsteymi með þeim. Markmiðið er að börn á leik- og grunnskóla aldri sem þurfa sérfræði- og læknisfræðilegan stuðning fái fyrr þjónustu við hæfi og að upplýsingaleiðir verði greiðar á milli fagaðila og foreldra.

Ábyrgðaraðilar: Yfirsálfræðingar Fræðsluþjónustu og Fjölskylduþjónusta.

Áætlaður kostnaður: Hluti af áætluðum rekstri.

Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu: Hluti af daglegum störfum viðkomandi starfsmanna.

Líðan barna og forvarnir gegn einelti. Styðja við starf skólanna gegn einelti og fá fleiri samstarfsaðila til að taka saman höndum í baráttunni gegn einelti. Hafnarfjarðarbær þarf að móta heildstæða stefnu og fá alla aðila samfélagsins til liðs við verkefnið.

Skólar þurfa að auka vægi rannsókna á líðan barna og samræma þær þannig að hægt verði að gera samanburð og læra af þeim stofnunum þar sem börnum líður best.

Ábyrgðaraðili: Fræðsluþjónusta, skólastjórar, ÍTH, foreldra- og nemendaráð grunnskóla og Fjölskylduþjónusta.

Áætlaður kostnaður: 1000.000 kr.

Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu: Hluti af daglegum störfum starfsmanna.

Efla skólana enn meira við að skapa úrræði og koma til móts við börn með hegðunar-, tilfinningalega og/eða námserfiðleika.

Miðla þarf reynslu og þekkingu úr fjölgreinanámi út í grunnskólana og stuðla að fjölgun úrræða innan skólanna í þeim anda. Styðja við og viðhalda faglegum markvissum aðgerðum, m.a. með PMT og SMT, í leik- og grunnskólum, sem sérstaklega lúta að börnum með hegðunarerfiðleika.

SMT-skólafærni er sá þáttur í þjónustu PMT-foreldrafærni sem hefur það að markmiði að draga úr hegðunarerfiðleikum barna í skólum og vinna markvisst að góðri aðlögun allra barna skólasamfélagsins.

Einnig er mikilvægt að þróa einstaklingsmiðuð úrræði fyrir börn með alvarleg frávík.

Ábyrgðaraðili: Fræðsluþjónustan.



Áætlaður kostnaður: Hluti af áætluðum rekstri.

Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu: Hluti af daglegum störfum starfsmanna.

Samráð og bætt þjónusta við innflytjendur. Huga þarf sérstaklega að málefnum innflytjenda og barna þeirra. Tryggja þarf að þjónusta sé við hæfi og tryggi að vitneskja sé hjá innflytjendum um réttindi og skyldur þeirra. Efldur verði samstarfshópur aðila sem tengjast málefnum innflytjenda sem hafi það að markmiði að samræma þjónustu Hafnarfjarðar og tryggi börnum og fjölskyldum þeirra góða þjónustu og aðgengi að upplýsingum. Gert verður skipunarbréf fyrir hópinn og reynt að fá fulltrúa innflytjenda til að starfa með honum.

Ábyrgðaraðilar: Fjölskylduþjónusta, Fræðsluþjónusta, móttökudeild nýbúa, forvarnafulltrúi og samráðshópar um málefni innflytjenda.

Áætlaður kostnaður: Hluti af áætluðum rekstrarkostnaði stofnana.

Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu: Hluti af störfum viðkomandi.

Próa enn frekar verkefni og samvinnu aðila í Hafnarfirði sem starfa með ungu fólki 16 ára og eldri.

Sérstök athygli beinist að vanda nemenda á framhaldsskólastigi og þeirra sem hafa tekið sér frí eða fallið frá námi og þeirri erfiðu stöðu sem skólinn og nemendur standa frammi fyrir í þessum efnunum.

Huga skal að rekstri eftirfylgdarþjónustu þar sem reynt er að fylgjast með ungu fólki sem ekki fór í framhaldsskóla eða hefur fallið úr námi. Þessum einstaklingum verði boðið upp á viðtöl og stuðning t.d. í gegnum verkefni sem kallast Súrefni og Atvinnutorg. Í gegnum fyrrgreind verkefni og í gegnum Atvinnumiðstöð Hafnarfjarðar er ungu atvinnulausu fólki sinnt og unnið að verkefnum sem eiga að auðvelda þeim að fara í nám, finna vinnu eða búa til starfsþjálfunarúrreði. Þessum verkefnum verður áfram sinnt út kjörtímabilið.

Fjölgreinabraut, fyrir ungt fólk í 11. og 12. bekk, sem starfrækt er á fræðslusviði (staðsett í Lækjarskóla) verði enn betur tengd öðru starfi fyrir



þennan aldurshóp eins og Iðnskólanum, Flensborg, Gamla bókasafninu og ÍTH.

Ábyrgðaraðilar: Fræðsluþjónusta, Fjölskylduþjónusta, Lækjarskóli og forvarnafulltrúi í samstarfi við framhaldsskóla og Heilsugæslu.

Áætlaður kostnaður: Hluti af áætluðum rekstrarkostnaði stofnana.

Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu: Hluti af daglegum þróunarverkefnum.

Árangurstengja starfsemi sem tengist barnavernd. Stuðla að mati á árangri verkefna, aðferða og úrræða sem nýtt eru. Setja lágmarkskröfur um mat. Unnið verður að gerð árangursstjórnunarsamninga þar sem lögð er áhersla á að markmið verkefna séu skýr og sett árangurstengd viðmið.

Ábyrgðaraðili: Fjölskylduþjónusta.

Áætlaður kostnaður: Hluti af áætluðum rekstri.

Áætlaður fjöldi starfsmanna sem mun sinna verkefninu: Hluti af daglegum störfum.

Samstarfsleiðir

Verkefnaáætlunin sýnir vilja til að ná auknum árangri í barnavernd og forvörnum. Ljóst má vera að Fjölskylduþjónustan ein og sér nær takmörkuðum auknum árangri. Lykillinn að fækkun alvarlegra barnaverndarmála er aukin samvinna og upplýsingagjöf stofnana, starfsfólks og bæjarbúa. Starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar mun því:

- *Skapa barnavernd jákvæða ímynd meðal bæjarbúa með vönduðu starfi, fræðslu og upplýsingum. Mikilvægt er að efla skilning bæjarbúa á mikilvægi barnaverndar, öllum verði ljóst hvernig tekið verður á málum þegar þess gerist þörf.*
- *Auka úrræði í barnavernd og gera þau aðgengilegri með sameiginlegu átaki barnaverndar, skóla og heilsugæslu. Hugmyndin er að samnýta mannauð viðkomandi stofnana sem allra best. Áhersla verði á lausnamiðaða hugsun og starf sem næst daglegum vettvangi barnsins. Þannig má að öllum líkindum koma í veg fyrir að mál þróuðust á verri veg. Þessi hugsun krefst breiðrar samstöðu í forvörnum og vinnslu mála. Í stað þess að vísa málum áfram og á*



milli ólíkra stofnana mætti bregðast við og leita lausna strax á stað og stund. Samvinna við foreldra og heimili er einnig lykilatriði.

- *Próa samstarf* barnaverndarstarfsmanna og Skólaskrifstofu enn frekar.
- Bjóða foreldrum stöðugt upp á *fræðslu um barnavernd og forvarnir* í öllum grunnskólum bæjarins. Samstarf forvarnafulltrúa og barnaverndarstarfsmanna verði reglulegt og traust.
- Láta fjölmiðlum reglulega í té *jákvæðar fréttir* um barnavernd.
- *Annast fræðslu og samvinnu* við ÍBH, foreldrafélög, starfsmenn tómstundamiðstöðva og aðra sem vinna með börnum í frítíma þeirra, um barnavernd og tilkynningarskyldu.



Lokaorð

Undanfarna mánuði hefur samráðshópur um barnaverndarmál í Hafnarfirði endurskoðað Framkvæmdaáætlun í barnavernd frá árunum 2006 – 2010. Við endurskoðunina er ljóst, að margt hefur áunnist í barnaverndamálum í Hafnarfirði á síðustu árum og sífellt er verið að leita leiða til að gera sem verkefnin sem best úr garði. Samráðshópurinn kallaði til sín sérfræðinga á sviði barnaverndarmála til að fá upplýsingar um stöðuna í málaflokknum. Barnaverndartilkyningum hefur fjölgað á undanförunum árum, sem hefur leitt til aukins málafjölda. Samráðshópurinn horfir á ákveðinn hátt jákvætt á þessa fjölgun og telur að fræðsla og kynningarstarf hafi skilað árvekni meðal skólasamfélagsins og bæjarbúa, sem síðan skilar sér í fleiri tilkyningum. Til þess að bregðast við þessari fjölgun mála þarf aukið þverfaglegt samstarf aðila sem vinna að málefnum barna. Málaflokkurinn þarf að hafa nægan mannafla og nægt fjármagn til þess að geta brugðist við auknum fjölda tilkyninga. Forgangsröðun á að vera markviss og biðlistar í lágmarki. Hafnarfjörður er orðið fjölmenningsarsamfélag og leita þarf leiða til að fræða innflytjendur um íslensk lög og hvaða rétt börn hafa í okkar samfélagi. Einelti sem er mein í íslensku samfélagi og bitnar ekki síst á börnum þarf að útrýma með öllum tiltækum ráðum. Það þarf að efla forvarnir, auka fræðslu til barna og þeirra sem starfa með börnum, þar ætti Hafnarfjarðarbær að vera fremstur í flokki meðal sveitarfélaga. Engin ein endanlega niðurstaða er til í barnaverndarmálum. Endurskoðun framkvæmdaráætlunar í barnavernd á að vera „lifandi plagg“ og sífellt í endurskoðun og taka mið af því samfélagi og þeirri samfélagsgerð sem við búum við á hverjum tíma. Samráðshópurinn hefur leitast við að leggja til breytingar sem gætu stuðlað að aukinni samvinnu aðila, jákvæðni í garð málaflokksins og markvissari úrræðum, börnum til heilla.